

Velferð geðsjúkra

eftir Pálma Örn Guðmundsson

Góðir hálsar, ég er staddur nú þegar þessi grein er rituð á kaffihúsi geðsjúklunga sem heitir Geðhjálp og er við Hallærisplan á 2. hæð. Hér er saman kominn hópur ungs fólks og er ekki að sjá á framkomu viðstaddra að hér séu saman komnir geðsjúklingar. Er ég ákvað að skrifa greinina spurði ég viðstadda hverju þeir vildu koma á framfæri við þjóðina og stóð ekki lengi á svari. Ein stúlka sagði að það væri skortur á, eða réttara sagt, þá viljum við umgangast hina heilbrigðu þjóðfélagsþegna hér í Reykjavík í enn ríkari mæli. Hér er nóg kaffi á boðstólum mjög ódýrt eða aðeins 60 kr. ómælt allan daginn.

Geðhjálp er einsog áður sagði við Hallærisplanið í Veltusundi 3 á annarri hæð. Er það ósk okkar hér, að ungar stúlkur sem leiðist kannski tilveran í augnablikinu og menn eða bara hver sem er og les þessa grein um velferð geðsjúkra, komi og vitji okkar og njóti hér þeirra veitinga sem eru á boðstólum. Jesús Kristur meistari vor sagði: „Þér vitjuðuð mín þegar ég var einn. Þér vitjuðuð mín þegar ég var í fangelsi, mikil munu laun ykkar.“

Umræða var um mál geðsjúkra fyrir kosningar og blásið upp það sem ætti að gera þeim til hjálpar eftir kosningar og fór þar Alþýðuflokkurinn fremstur í flokki. Það er þeim flokki að þakka að örorkustyrkur er veittur, en betur má ef duga skal og mætti vel hækka styrkinn upp í 70.000 kr. nú þegar þeir eru komnir til valda og standa þannig við gefin loforð. Hækka ör-



Pálmi Örn Guðmundsson

„Eða réttara sagt, þá viljum við umgangast hina heilbrigðu þjóðfélagsþegna hér í Reykjavík í enn ríkari mæli.“

orkustyrkinn. Ég vil undirstrika að öryrkjar sem borga háa húsaleigu af tekjum sínum hafa ekki efni á tveim máltíðum á dag og verða að lifa á súrmjólk og slíku og nú þegar ekki er lengur unnt að fá fatastyrk hjá Félagsmálastofnun eru „öryrkjar“ ekki lengur færir um að fata sig.

Höfundur er ljóðskáld.